

**Nd.**

**321. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um áveitu á Flóann.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 7. gr.

1. Orðin í 2. málsgrein: »ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar og eru eign jarðeigenda« falli burt.
2. Við 2. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Veðrjettur landssjóðs, sá er í 2. málsgrein getur, nær til mannvirkja, sem eigendur eiga á jörðunum. Nú eru slík mannvirki metin til verðs hærra en 1500 kr., og tekur veðrjetturinn þá eigi til þess af verðinu, sem fram yfir er þá upphæð.